

að telja það rétt í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjanda er eigi reiknuð þessi verðhækkun lengur en til septembermánaðaloka 1912.

Með því að niðurstaðan þannig verður hér hin sama og í bæjarþingsdóminum og málskostnaðar-ákvæði hans samþykkist, ber að staðfesta dóminn í öllum greinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 22. nóvember 1915.

Nr. 21/1915.

Gísli J. Johnsen fyrir hönd
Icelandic Fisheries Ltd.
gegn
Svend J. Norman

D ó m u r :

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði og rekið fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu, lögsótti hinn

stefndi Svend J. Norman áfrýjanda Gísla J. Johnsen fyrir hönd félagsins Icelandic Fisheries Ltd. til greiðslu á eftirstöðvum á umsömdu kaupum við vinnu að kolauppskipun kr. 180.10 og til skaðabóta fyrir sammingsrof 300 kr., samtals 480 kr. 10 a. auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaðar. Var málið dæmt í nefndum rétti 3. marz 1915 með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða Svend J. Norman 180 kr. 10 a. ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og 30 kr. upp í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn Gísli J. Johnsen f. h. Icelandic Fisheries Ltd. áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu útg. 11. marz 1915 og krefst hann þess, að dómi þessum verði hrundið og breytt þannig að hann verði að eins dæmdur til að greiða stefnda 24 kr. 60 aur., en verði að öðru leyti sýknaður af öllum kröfum hans, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, að umboðsmaður stefnda verði dæmdur í sekt fyrir ósæmileg orð fyrir undirrétti og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir af sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 16. júlí 1915, og krefst hann þess, að undirdóminum verði breytt þannig að allar kröfur hans fyrir gestaréttinum verði teknar til greina og honum tildæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Í janúarmánuði 1914 fekk félagið Icelandic Fisheries Ltd. kolafarm til Vestmannaeyja með gufuskipinu Victoria. Varð það að samkomulagi milli

aðaláfrýjanda Gísla J. Johnsen, sem veitti farminum móttöku, og gagnáfrýjanda Svend J. Norman að gagnáfrýjandi tæki að sér að skipa kolunum upp úr skipinu. Með því aðaláfrýjanda þótti verk það, er gagnáfrýjandi átti að vinna, — en það var fólgið í því að vinna í lestinni að því að fylla kolapokana og koma þeim niður í uppskipunarbátana við skips- hlið — eigi viðunanlega af hendi leyst, þá sagði hann gagnáfrýjanda upp vinnunni og sendi annað fólk til að annast þennan starfa. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að þegar honum hafi verið vikið úr vinnunni með símskeyti aðaláfrýjanda 4. febr. 1914, þá hafi hann verið búinn að vinna að uppskipun á 240 tonnum af kolum, hafi svo verið umsamið að hann ætti að fá kr. 1.20 fyrir hvert tonn, sem skipað væri upp úr skipinu. Fyrir þetta starf hafi sér því borið 288 kr., en þar upp í hafi aðaláfrýjandi greitt sér kr. 107.90 en eftir standi kr. 180.10.

Aðaláfrýjandi hefir að vísu ekki á móti því að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.20 fyrir hvert tonn af kolum, sem hann hafi unnið að uppskipun á, en hann heldur því fram, að hann hafi hinn 26. janúar sagt gagnáfrýjanda upp vinnunni og þá hafi að eins veriðúið að skipa upp 110 tonnum af kolum, beri gagnáfrýjanda því fyrir vinnu hans kr. 132.00 en þar upp í hafi hann fengið kr. 107.40, og sé hann fús til að greiða honum hinar eftirstandandi kr. 24.60 aur. Þessu til sönnunar hefir aðaláfrýjandi lagt fram vottorð frá skipstjóranum á gufuskipinu Victoria um að áfrýjandi hafi að morgni þess 26. jan. sagt honum, að gagnáfrýjandi hefði ekki lengur afskipti af uppskipun kolanna um

borð í skipinu, og að menn aðaláfrýjanda hafi úr því séð um uppskipunina. En þessu vottorði er mótmælt og hafa 2 vitni borið það fyrir rétti að gagnáfrýjandi hafi unnið að uppskipun kolanna til janúar-mánaðarloka og að þau hafi ekki orðið vör við aðra menn utan skipshafnarinnar vinna að þessu verki í skipinu. Það verður því að lita svo á, að það sé sannað, að gagnáfrýjandi hafi unnið að uppskipun kolanna til 31. jan., en um það virðist ekki ágreiningur að þann dag hafi verið búið að skipa upp úr skipinu 240 tunnum af kolum, og þar sem eftir málfærslunni ekki er um annan mælikvarða að ræða um borgun fyrir verk gagnáfrýjanda en kr. 1.20 fyrir uppskipað tonn verður að fallast á að gagnáfrýjanda beri fyrir það 288 kr. að frádregnum 107 kr. 90 aur. eða 180 kr. 10 aur.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist þess að sér verði tildæmdar 300 kr. í skaðabætur fyrir það að verkið hafi verið tekið af sér að ástæðulausu, og byggir hann kröfu þessa á því, að samningur málsaðila hafi náð til alls farmsins, og þeim samningi hafi aðaláfrýjandi ekki getað riftað að ástæðulausu.

Aðaláfrýjandi heldur því hinsvegar fram, að gagnáfrýjandi hafi falast eftir vinnunni og hafi hann verið tekinn til reynslu til umgetins starfa, en brátt hafi það sýnt sig að gagnáfrýjandi hafi sökum mannfæðar ekki getað leyst uppskipun kolanna viðunalega af hendi. Hann hafi ekki haft undan að láta í pokana og uppskipunarbatarnir hafi orðið að bíða tímunum saman við skipshlið til að fá kol, og hafi þetta tafið svo fyrir uppskipuninni að ekki hafi ver-

ið við unandi. Það verður nú að lita svo á, að þessi skýrsla aðaláfrýjanda sé sönnuð, og hafði hann þá fullan rétt til að víkja gagnáfrýjanda frá vinnunni, og getur honum því engar skaðabætur borið. Verður að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins í þessu atriði.

Málkostnaðarákvæði dómsins þykir og mega samþykkja, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Orðið »ósvífni« í bókun málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir undirrétti ber að dæma dautt og marklaust, en ekki þykir næg ástæða til að sekta málflutningsmanninn fyrir það.

Kröfu aðaláfrýjanda um að gagnáfrýjandi verði sektaður fyrir óparfa málsýfingu er ekki ástæða til að taka til greina, og eftir úrslitum málsins þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Við meðferð máls þessa er það að athuga, að það var tekið til dóms 3. apríl 1914, en dómur í því var uppkveðinn 3. marz 1915, en þar sem málsaðilar hafa eigi gert ábyrgðarkröfu á hendur undirdómaranum útaf þessu, verður hann eigi látinn sæta sekt fyrir þennan mikla drátt á dómsuppsögninni:

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður. Orðið »ósvífni« í bókun málflutningsmanns gagnáfrýjanda skal dautt og ómerkt. — Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. nóvember 1915.

Nr. 42/1915.

Skiftaráðandinn í Reykjavík
f. h. protabús Filippusar Ámundasonar
gegn
Sigríði E. Ottesen.

D ó m u r :

Skiftaráðandinn í Reykjavík höfðaði fyrir hönd protabús Filippusar Amundasonar mál þetta fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn stefndu, frú Sigríði E. Ottesen, til greiðslu á 5000 kr. skuld til nefnds protabús samkvæmt skuldabréfi útgefnu af henni 14. jan. 1905, en með dómi nefnds réttar 2. marz þ. á. var málinu vísað frá rétti.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir-dómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur, málinu heimvísað til nýrrar meðferðar frá því það var tekið til dóms og undirdómarinn skyldaður til þess, að kveða upp dóm um efni málsins og að stefnda frú Sigríður E. Ottesen verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefnda hefir hins vegar krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirrétti, en til vara að hinn áfrýjaði